

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að útvega skýrslur um ofanefnd atriði svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 6. júní.

Nr. 19/1910:

Valdstjórnin
gegn
A. Kvernberg.

Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir lögreglurétti Akureyrar-kaupstaðar gegn hinum kærða A. Kvernberg skipstjóra á norsku sildveiðaskipi, mótorkutter »Brödrene« frá Aalesund, fyrir brot gegn tilsk. 12. febrúar 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland, sbr. lög nr. 10, 31. júlí 1907, og var það dæmt af nefndum rétti 9. ágúst f. ár á þá leið, að kærði var sýknaður fyrir kæru valdstjórnarinnar, en var gjört að greiða allan löglegan kostnað sakarinnar. Dómi þessum hefir stjórnarráðið skotið til yfirdómsins af hálfu valdstjórnarinnar.

Hinn 27. júlí f. ár tók varðskipið Íslands Falk nefndan mótorkutter »Brödrene« fyrir utan Almenningsnöf, 2 fjórðungsmilur fyrir innan landhelgismörk, og var þá sild á þilfari skipsins; eftir skýrslu yfirmannsins á varðskipinu á skipstjórninn, hinn kærði, þá að hafa kannast við það, að hann hafi veitt sild á landhelgissvæðinu fyrri hluta dags þessa framundir kl. 11 árdegis með 2 bátum (Joller),

er heyrðu til skipinu, er báðir voru skrásettir á Eyjafirði. En fyrir réttinum hefir kærði neitað því, að hann hafi fiskað í landhelgi, og hefir eigi kannast við, að hann hafi játað það fyrir yfirmanninum á varðskipinu; segir kærði, að skýrsla yfirmannsins sé eigi rétt, og hljóti það að vera sprottið af misskilningi. Kærði segist hafa farið frá Siglufirði morguninn 27. júlí á mótorskipinu »Brödrene« og haft með sér 2 báta, sem voru eign nafngreindra borgara á Siglufirði. Fyrir utan Almenningsnóf, nálægt því 6 fjórðungsmílur undan landi, lét hann bátana fara frá skipinu og fóru 13 manns í bátana; frá bátunum var síðan varpað nót yfir sild og henni lokað, og var skip kærða þá í námunda við bátana. En er búið var að loka nótinni, fór kærði með skip sitt að henni og var síldinni ausið úr henni upp á þilfar skipsins. Kærði heldur því staðfastlega fram, að öll þessi síldveiði hafi fram farið fyrir utan landhelgismörk, þó að hann eigi beri á móti því, að hann hafi verið innan landhelgi, er hann síðar um daginu hitti varðskipið. Þenna framburð hins kærða verður að taka til greina í málinu, því að honum er eigi hnekt með skýrslu yfirmannsins á varðskipinu né öðrum skýrslum, er fengnar hafa verið og fram eru komnar.

Þar sem það þannig eigi er sannað gegu ákveðinni, og eindreginni neitun kærða, að síldveiðin hafi farið fram á landhelgissvæðinu, verður að sýkna hann fyrir kæru valdstjórnarinnar í málinu, og eftir þessum úrslitum verður allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, að greiðast af almannafé, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða

verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera.

Kærði A. Kvernberg á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli. Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, greiðist úr landssjóði, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálfærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 15 krónur til hvors.

Nr. 20/1910:

Réttvísinn
gegn
Páli Sigurðssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Rangárvallasýslu, uppkveðnum 2. febrúar þ. á., var ákærði, Páll bóndi Sigurðsson frá Butru í Austur-Landeyjahreppi, dæmdur fyrir sauðapjófn að og aðra ólöglega töku á kindum í 15 mánaða betrunarhússvinnu samkvæmt 231. gr., 1. málslíð, 250. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. 58.